

Alþingi
Erindi nr. P 138/1763
komudagur 16.4.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun. Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010. Þskj. 641 – 354. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar því að þessi þingsályktunartillaga sé komin fram og tekur heilshugar undir efni hennar og nauðsyn þess að tryggja fötluðum einstaklingum þau sjálfsögðu mannréttindi að geta lifað sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

ÖBÍ telur mjög brýnt að allir þeir sem koma að málefnum fatlaðra kynni sér vel og tileinki sér alþjóðlega hugmyndafræði um Sjálfstætt líf (independent living), en notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) byggir á þessari hugmyndafræði. Aðstoð byggð á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf er forsenda þess að hægt sé að uppfylla 19. gr. Sáttmála Sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi fólks með fötlun. Lögin um málefni fatlaðra verða endurskoðuð á næstunni vegna fyrirhugaðrar fullgildingar samnings SP. Núna er því kjörið tækifæri til að taka upp NPA.

Aðkoma hagsmunasamtaka og notenda

ÖBÍ leggur þunga áherslu á að notendur og hagsmunasamtök fatlaðra séu þátttakendur í mótun NPA. Á hinum Norðurlöndunum er metin þörf hvers og eins umsækjanda um NPA fyrir aðstoð og greitt samkvæmt því. Í Svíþjóð er t.d. það fyrirkomulag að sveitarfélögin (nærþjónusta) greiðir fyrir aðstoð fyrstu 20 tímana í viku en ríkið fyrir tímafjölda umfram það.

Fjármagn fylgir einstaklingnum

ÖBÍ leggur ríka áherslu á að fjármagn fyrir NPA fylgi einstaklingnum. Mjög mikilvægt er að slíkt fyrirkomulag verði tryggt með lögum áður en til yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga kemur til framkvæmda til að tryggja að öll sveitarfélög veiti NPA. Fatlaðir einstaklingar hafi þá val um í hvaða sveitarfélagi þeir búa eins og aðrir landsmenn.

Úrbætur nál til einstaklinga búsetta hérlendis óháð ríkisborgararétti

Í lokasetningu greinargerðarinnar með þingsályktunartillögunni segir að m.a. „... yrði um að ræða úrbætur í þágu sjálfsagðra mannréttinda fyrir stóran hóp Íslendinga.“ ÖBÍ áréttar að umbæturnar þurfa að ná til sjúkratryggðra á Íslandi, sem eru í þörf fyrir þjónustuna hér á landi, óháð aldri, tegund fötlunar eða ríkisborgararétti.

Lokaorð

NPA verður að hafa skýra stoð í lögum til þess að sveitarfélögin geti ekki skilgreint mannréttindi eftir fjárhagsstöðu sinni. Mikilvægt er að öllum borgurum séu tryggð sjálfsgöð mannréttindi og þátttaka í samfélaginu, samanber Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, Mannréttindasáttmála SP, Mannréttindasáttmála Evrópu og Sáttmála SP um réttindi fólks með fötlun.

ÖBÍ tekur heilshugar undir umsögn Sjálfbjargar Isf. og umsögn Samtaka um sjálfstætt líf og vinnuhóps um stofnun miðstöðvar um notendastýrða persónulega aðstoð.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ,


Guðmundur Magnússon
Formaður ÖBÍ